



Fiskistofa leggur á veiðigjöld. Gjaldskilyðir aðilar skulu greiða veiðigjöld fyrir landaðan afla

fyrir hvert greiðslutímabil samkvæmt upplýsingum um skráningu afla í aflaskráningarkerti Fiskistofu. Við álagningu skal leiðrétta fyrir slægingu eða annarri aflanytingu fyrir löndun ef við á, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um veiðigjald.

Greiðslutímabil veiðigjalda er almanaksmánuður. Gjald dags veiðigjalda er 1. hvers mánaðar vegna veiða þar síðasta mánaðar.

Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalda er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi er að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalda og er heimilt að ganga að hverjum þeirra sem er.

Innhelmtumenn ríkissjófs innheimta veiðigjald og fer tollsjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Se veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddag ska greiða ríkissjófi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Þa skal Fiskistofa jafnframt felja almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður. Kröfum um greiðslu veiðigjalda fylgir lögveð ríkissjófs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddag. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.


Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalda. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalda á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr., 16. gr. og ákvæði til bráðabirgða II, í lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um sjóm fiskveiða, með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerðin öðlast þegar gjaldi og kemur til framkvæmda við álagningu veiðigjalda á fiskveiðitárinu 2016/2017 sem hefst 1. september 2016.

Fyrirmæli reglugerðarinnar gjalda fyrir almanaksárið 2017 í tilvikum stofna sem stjórnað er með aflamarki sem gefið er út í upphafi árs.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. júní 2016.



Gunnar Bragi Sveinsson

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



Arnór Snæbjörnsson.